

Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna 20. október 2015

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 14. okt. 2014 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Engar breytingar urðu á stjórn.

Starfsárið 2014-2015 var viðburðaríkt að venju, æfingar hófust 16. september og síðustu tónleikar voru 10. maí.

30. ágúst söng KKH í 80 ára afmæli Jóhönnu Jensdóttur í Laugarneskirkju.

1. október söng KKH við jarðarför Sigurðar Steinþórssonar frá Hæli, Sigurður var félagi í kórnum og er hans sárt saknað.

28. október var KKH með hausttónleika á Flúðum þar sem Sigurðar Steinþórssonar var minnst.

7. nóvember var karlakovöld KKH í umsjón 2. tenórs.

15. nóvember var svo komið að kóramóti á Hvolsvelli í umsjón Karlakórs Rangæinga, sem ásamt okkur og Karlakór Selfoss sáu um söng. Þetta var hin besta skemmtun sem lauk með sameiginlegum kvöldverði. Kemur vel til greina að gera þetta að reglulegum viðburði.

5. desember hélt Ragnar Magnússon upp á 50 ára afmæli sitt og að sjálfsögðu var KKH á staðnum og söng honum til heiðurs.

16. desember var svo fyrirhugað að halda síðastu æfingu fyrir jól, en að þessu sinni þurftum við að aflýsa henni vegna veðurs.

6. janúar var fyrsta æfing eftir áramót.

9. janúar var komið að árlegum kórahitting uppsveitana sem að þessu sinni var í umsjón KKH. Þátttökukórar ásamt okkur voru Vörðukórinn, Kirkjukór Hruna og Hrepphólasókna, Kirkjukór Stóra Núps og Ólafsvalla, Skálholtskórinn og Söngkór Miðdalskirkju. Skemmtinefnd KKH á heiður skilið fyrir að stýra samkomunni með hómorinn að leiðarljósi.

31. janúar var æfingadagur í Tónlistarskólanum á Selfossi.

16. mars sungum við fyrir eldri borgara á Hótel Örk í Hveragerði.

21. mars var komið að vortónleikum, haldnir voru tvennir tónleikar, í Selfosskirkju og í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum um kvöldið. Þóra Einarsdóttir sópran, söng nokkur einsöngslög ásamt því að syngja með kórnum. Kór, stjórnanda, píanóleikara og þóru var vel fagnað að tónleikum loknum.

31. mars mættum við svo í Guðríðarkirkju með vortónleikana okkar eftir að hafa þurft að fresta þeim um tæpa viku vegna flensufaraldurs sem herjaði á 1. tenór.

11. apríl var svo haldið í sannkallaða óvissuferð því vetur konungur minnti rækilega á sig þennan dag með dimmum hríðarbyl svo ekki varð með nokkru móti séð á hvaða leið rútan var. Allt hafðist þetta nú

samt og Borgarfjörðurinn var heimsóttur, sungið í gömlu hlöðunni á Hvanneyri og snæddur dýrindis kvöldverður í Landnámssetrinu áður en halið var aftur heim á leið.

8. maí var söngskemmtun og vordansleikur KKH. Fengum við Lögreglukórinn í Reykjavík í heimsókn, en þeir ásamt KKH og þeim Labba , Bassa og Smára Kristjáns sáu um að skemmta gestum. Labbi og Bassi sáu svo um að halda uppi stuðinu fram eftir nóttu.

10. maí tókum við þátt í tónleikum Finnska karlakórsinsn Coro Finlandía í Skálholtskirkju.

5. júní var útreiðartúr kórsins í blíðu að venju. Upphaf og endir túrsins var við Faxe þar sem þau Brynjar og Marta töfruðu fram lambaket að hætti hússins.

Þetta var viðburðarríkt starfsár og svolítið óvenjulegt þar sem fella þurfti niður nokkrar æfingar vegna veðurs og fresta þurfti einum tónleikum vegna veikinda. Ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar upptökur, eru þetta ca. 46 skipti sem kórinn hefur komið saman.

Að lokum þakka ég ykkur félagar fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Helgi Már Gunnarsson, formaður.